

fólk í listum

Má bjóða yður Picasso?

Tvær merkilegar sýningar á Kjarvalsstöðum



Frá grafík-sýningunni.

UM þetta leyti standa yfir tvær merkilegar sýningar að Kjarvalsstöðum og hafa þær það sammerkt, að það eru ekki listamennirnir sjálfir sem að þeim standa, heldur aðrir menn, þótt auðvitað hafi þeir lagt til myndirnar, en þetta er sýningin GRAFÍK, sem Félagið Myndkynning hefur sett upp, og sýning „Úr safni Gunnars Sigurðssonar" í Geysi.

Þessar sýningar koma á „agúrkutíma", þegar myndlistargagnrýnendur skrifa lítið í blöð, hafa eins og aðrir fengið nóg á löngum vetri og vilja gjarnan hugsa um eitthvað annað. En núna þegar fáort sumarið er að syngja sitt síðasta vers varð ekki hjá því komizt að líta heim að Kjarvalsstöðum til að missa ekki af umtalsverðum hlutum.

Sýning á verkum úr safni Gunnars heitins Sigurðssonar í Geysi (1922-1970) er ekki sú fyrsta, sem komin er úr einkasafni. Reykvíkingar og reyndar fleiri landsmenn hafa verið örlátir á að lána verk sín almenningi um stund, svo fleiri mættu njóta en þeir einir, og vitna ég þar til fjölmargra yfirlitssýninga á Kjarvalsstöðum og í öðrum sýningarsölum borgarinnar, — en svona mikla sýningu úr einkasafni manns, höfum við ekki séð áður, að ég man. Á sýningunni eru 92 myndir eftir ástsæla listamenn, og nægir að nefna nöfn eins og Snorra Arinbjarnar, Sverri Haraldsson, Þorvald Skúlason, Valtý Pétursson, Kristján Davíðsson, Ninu Tryggvadóttur og Kjartan Guðjónsson, en alls munu vera á sýningunni verk eftir 21 listamann, sem allir hefðu átt sviparðan rétt á að teljast upp hér, en ég nefni þessi nöfn aðeins til þess að sýna, að verkin eru ekki af verri endanum, heldur eru þau öll eftir viðurkennda menn.

Allir sem um list, eða myndlistir hafa hugsað, vissu að til var ágætt safn listaverka í eigu Gunnars Sigurðssonar í Geysi. Hann hafði til þess ágætt tækifæri að eignast myndir, því að hann var handgenginn listamönnum og myndlistinni. Um þetta segir Björn Th. Björnsson á þessa leið:

„Salurinn uppi á Freyjugötu, sem Gunnar hafði látið gera úr efri hluta gömlu vinnustofu Ásmundar, var fremur en nokkur annar staður í bænum vettvangur hins nýjasta í íslenzkri list, alla vega á árunum 1949 til 1955. Og á heimili þeirra Gunnars og Guðrúnar Lilju heilsaði kaffisopinn upp á fleiri unga listamenn en nokkurt kaffihús. Ég man hver ósköpin stundum voru skorin þar og smurð af franskbrauði.

Að sjálfsögðu bar salurinn sig ekki á þessu oddaliði einu saman, heldur var og efnt til „vinsælla" sýninga, svo sem yfirlits á myndum Emils Thoroddsens, eða á nýjustu málverkum Jóns Stefánssonar, og skáld lásu þar upp úr verkum sínum, svo sem Þórbergur úr óprentuðum Sálminum, og meira



Gunnar Sigurðsson, listaverkasafnari.

að segja slepuðum við þangað upp flýgli, svo Lanzki-Ottó gæti músíserað um myndir á sýningu eftir Moussorski."

Ennfremur þetta:


„Sumar myndanna hrifu Gunnar svo þegar í fyrstu, að hann lagði á þær fölur. Aðrar fékk hann að velja upp í greiðslur, og enn gáfu listamenn honum marga mynd, vitandi að betra heimkynni yrði þeim ekki kosið. Þannig er þetta safn Gunnars Sigurðssonar ekki slíkt sem auðmaðurinn — konnisöurinn — fyllir eftir kerfi og drepur í skörðin: Það er miklu fremur lifandi dókúment skamms en mikils umbrotaskeiðs í list okkar. Það er dagbók tíðinda, sem öll þóttu ekki fréttnæm á líðandi stund, en munu samt lifa flest hin, sem voru með stærra letri þrykkt."

Það, sem vekur athygli manns við fyrstu sýn, er það hversu góð eintök af hverjum málara Gunnar Sigurðsson hefur eignazt. Hvort hann var mikill auðmaður veit ég ekki, þótt vafalaust hafi hann haft rúman fjárhag, eftir því sem gerðist hjá fólki. Það eitt nægir því miður ekki til þess sem þarna er sýnt, að hafa átt aura. Myndirnar eru valdar af svo mikilli smekkvísi, að undrun sætir. Málararnir eru ólíkir, en samt hefur sýningin svo sterkan heildarsvip, að þær gætu allar, þess vegna, verið eftir sama mann, ef við ekki vissum betur. Gunnar Sigurðsson hefur því átt meira í þessu safni en tóma peninga, — líka skoðun, sem stóð föstum fótum.

Sýningin er verðmæt heimild um vissan þátt í myndlistarsögu aldarinnar og safnið þyrfti þess vegna endilega að varðveitast í heild sinni.

Um einstakar myndir verður ekki fjallað hér, en ég vil þó sérstaklega vekja athygli á frágangi öllum. Farið er inn á nokkuð nýja braut við að hengja myndirnar upp, réttlínustefnunni er hafnað, og tekin er inn dálítil ringulreið í það starf, svona til tilbreytingar, en þeir sem hengdu upp sýninguna voru þeir Jóhannes Jóhannesson og Guðmundur Benediktsson.

Listunnendur ættu ekki að láta hjá líða að skoða þetta ágæta safn, og Kjarvalsstaðir ættu að athuga hvort myndlán frá einstaklingum, hvort sem um heil söfn er að ræða eða ekki, gætu ekki orðið einn þátturinn í rekstri Kjarvalsstaða í framtíðinni.



Málverk eftir Snorra Arinbjarnar.

Myndkynning sýnir grafík

Með safni Gunnars Sigurðssonar, deilir heimsfrægðin vestursal Kjarvalsstaða, en í norðurhluta hans eru sýndar grafíkmyndir eftir ýmsa heimsfræga nafntogaða listamenn. Nægir þar að nefna Picasso, Salvador Dali, Victor Vasarely, ERRO, og marga fleiri.

Yfirleitt er eitt myndlistarverk eftir hvern þeirra mörgu, er þarna eru sýndir, en myndir Erros eru á þriðja tug talsins.

Það er ekki á hverjum degi, sem við fáum að sjá jafn marga ágæta, heimsþekkta menn undir sama þaki. Að vísu eru þetta ekki merkilegustu verkin sem þeir gerðu, enda varla von, en alheimssnillingurinn leynir ekki á sér, heldur býr til fleiri hluti góða en vonda, en aðallega þó góða.

Stærstur er hlutur Erros í þessari sýningu, en þar eru myndir úr hinni frægu myndaröð MADE IN JAPAN en í myndaröðinni er teflt saman vígvélum og kynfærum, ástalífi og hernaði.

Erro er frægasti íslenzki myndlistarmaðurinn, um það er ekki blöðum að fletta, og það hefur dregizt óhæfilega lengi að haldin sé stór sýning á verkum hans hér heima. Samt er hann ekki afkróaður neins staðar, stórsýning var til dæmis á myndum hans suður í Munchen í fyrra, og sýningar ganga út um allan heim á verkum hans, og sem dæmi um tiltrúna úti í heimi, þá hefur Erro m.a. gert frímerki fyrir Kúbu, svo eitthvað sé nefnt.

Grafíklistin hefur átt örðugt uppdráttar á Íslandi lengi, en nú er hún sem betur fer á hraðri uppleið. Mestu munar um herferð ungra grafíklistamanna, því opinber söfn hafa lítið sinnt grafík óumbeðin.

Nægir að minna á hina miklu yfirlitssýningu á grafík, sem haldin var í vor, myndir Hundertwassers og kinversku grafíksýninguna, sem haldin var í fyrra. Allt þetta treystir grundvöll þrykklistarinnar, og það sama mun þessi ágæta sýning Myndkynningar gera. Bætt er úr sáru hungri eftir góðum grafíksýningum og heimsfrægðin sjálf er leidd til öndvegis, þótt í smáum stíl sé. En svo mikið er víst, að Íslendingum er ekki á hverjum degi boðið að kaupa Picasso fyrir 120 þúsund kall.

Aðalsteinn Ingólfsson, framkvæmdastjóri listráðs segir á þessa leið í aðfararorðum:

„Ég held samt að hvalreki sem þessi sýning er, hafi ekki komið á fjörur íslenzkra grafíkunnenda um árabil. Hér sjáum við koparstungu eftir Picasso, sem signeruð er í plötuna, einkennandi fyrir hinn hvatlega og örugga teiknistíl meistarans og hér er sömuleiðis til sýnis handbragð og sérkennilegur myndheimur Salvadors Dali sem í fjóra tugi ára hefur verið frægastur súrrealista. Hér er einnig að finna verk eftir Victor Vasarely sem verið hefur frumkvöðull í optískri afstraktlist undanfarin 20 ár og hefur m.a. haft ómæld áhrif á nokkra íslenzka listamenn. Einnig eru hér nýjar stjörnur á myndlistarhimninum, t.d. Yvaral (sonur Vasarelys) sem getið hefur sér mjög gott orð fyrir strendingasjónhverfingar sínar og fágað handbragð. Aðrar listrænar tilhneigingar í evrópskri list eiga hér fulltrúa, — t.a.m. sjáum við belgíska listamanninn Corneille úr Kóbra-hópnum með kröftugt ljóðrænt verk eins og hans er von og vísa og hér er frakkinn Soisson, sem bergt hefur af sama brunni. Ekki má heldur gleyma Ítalanum Gaetano Pompa og furðuveröld hans eða frakkanum Max Papart sem verið hefur í fremstu röð grafíklistamanna og bókaskreytingamanna í Evrópu í mörg ár."

Báðum þessum ágætu sýningum lýkur á sunnudagskvöld.

Jónas Guðmundsson